

Mánudaginn 22. janúar 1951.

Nr. 132/1950. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Egill Sigurgeirsson)

gegn

Þorleifi Sigurbjörnssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Sölugjald af bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak í bifreiðinni A 599 til greiðslu sölugjalds, að fjárhæð kr. 12.000.00, og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Svo sem segir í úrskurði fógeta, framseldi Gunnar Bergmann stefnda innflutningsleyfi fyrir bifreið þeirri, er í málinu greinir, án samþykkis gjaldeyrisyfirvalda. Tók stefndi síðan við bifreiðinni úr hendi innflytjanda og greiddi hana. Matsverð bifreiðar þessarar er kr. 60.000.00, og hefur áfrýjandi krafizt 20% af því, eða kr. 12.000.00, með skírskotun til 31. gr. laga nr. 100/1948. Samkvæmt ástæðum þeim, sem liggja til grundvallar lagaákvæði þessu, verður um skattskyldu að jafna nefndri afhendingu innflutningsleyfisins til sölu bifreiðarinnar innanlands. Ber því að leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak í bifreiðinni A 599 til greiðslu kr. 12.000.00.

Stefndi, Þorleifur Sigurbjörnsson, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 600.00 málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 18. sept. 1950.

Með bréfi, dags. 10. maí s. l., til bæjarfógetans á Akureyri lagði Fjármálaráðuneytið svo fyrir, að sölugjald samkv. 31. gr. laga nr. 100 frá 29. des. 1948 skyldi innheimt af bifreiðinni A—599.

Gerðarþoli, Þorleifur Sigurbjörnsson bifreiðarstjóri, hefur færzt undan að greiða gjald þetta, þar eð hann telur, að hér sé ekki um sölugjalds-skylda bifreið að ræða, og hefur hann krafzt úrskurðar fógeta í málinu.

Málið var þingfest 11. júlí og tekið til úrskurðar 12. sept. s. l.

Málavextir eru þessir:

Í des s.l. kveðst gerðarþoli hafa komizt í samband við Gunnar Bergmann, Skeggjagötu 21, Reykjavík. Gunnar þessi hafi þá boðið sér innflutningsleyfi fyrir bifreið, og hljóðaði leyfið á nafn Gunnars. Gerðarþoli kveðst hafa tekið þessu boði, þar sem þetta var að hans áliti eina tiltækilega leiðin til þess að eignast nýja bifreið, en það taldi hann sér bráðnauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

Gerðarþoli hefur skýrt frá því, að hann hafi oft verið búinn að sækja um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreið, en ávallt fengið synjun.

Þá hefur og gerðarþoli haldið því fram, að Gunnar Bergmann hafi full-yrt við sig, að ekkert væri við það að athuga, að hann framseldi honum leyfið, og ekki mundi koma til mála, að greiða þyrfti sölugjald af bifreiðinni.

Að fengnum þessum upplýsingum kveðst gerðarþoli svo hafa keypt leyfið af Gunnari og afhent Sambandi Ísl. samvinnufélaga það, en hefur hins vegar haldið því fram, að aldrei hefði orðið af þessum viðskiptum, ef hann hefði haft grun um, að til þess væri ætlað, að hann þyrfti að greiða sölugjald af bifreiðinni. SÍS flutti síðan bifreiðina inn, og hefur sölureikningur frá því verið lagður fram í réttinum.

Reikningur þessi er dags. 30/1 1950 og er að upphæð kr. 36.016.66 og hljóðar á nafn gerðarþola, Þorleifs Sigurbjörnssonar, Glerárgötu 3, Akureyri.

Á reikningnum er vísað til leyfis nr. 15615, en samkvæmt upplýsingum frá innflutnings- og gjaldeyrisdeild hljóðar leyfi þetta á nafn Gunnars Bergmanns og hefur ekki verið framselt með samþykki nefndarinnar.

Bifreiðin var síðan skrásett á nafn gerðarþola hér í umdæminu og hlaut

einkennismerkið A—599, er fyrir lá í símskeyti frá SÍS þess efnis, að það hefði flutt inn og selt gerðarpöla nefnda bifreið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, er upplýst, að SÍS hefur flutt inn og selt gerðarpöla umrædda bifreið samkvæmt leyfi, sem hljóðaði á nafn Gunnars Bergmanns, en hafði þó ekki verið framselt með samþykki innflutningsyfirvaldanna.

Með lögum nr. 100 frá 29. des. 1948 er svo ákveðið í 31. gr., að greiða skuli gjald í dýrtíðarsjóð ríkisins, 20%, af matsverði bifreiða, sem gangi kaupum og sölum innanlands.

Kemur því hér til álita, hvort framsal á innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir umræddri bifreið jafngildi sölu bifreiðarinnar sjálftrar í merkingu 31. greinar nefndra laga.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi eru aðeins heimild leyfishafa til handa frá viðkomandi yfirvöldum til kaupa á því, sem leyfið hljóðar um, en hvort leyfishafi getur notað þá heimild eða ekki er ýmsum utan að komandi áhrifum háð. Af því virðist augljóst, að þótt leyfishafi framselji innflutningsheimild sína, þá jafngildi það engan veginn sölu á þeim verðmætum, sem leyfið hljóðar um og leyfishafi hefur þegar fengið í sínar hendur.

Af ákvæðum 31. gr. laga nr. 100/1938 verður ekki annað séð en að 20% gjaldskyldan, sem þar um ræðir, sé miðuð við, að ákveðin bifreið gangi kaupum og sölum innanlands, og verður því sala á innflutningsheimildinni ekki færð undir þetta ákvæði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður að synja um framgang gerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerð þessi skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.
